

Málvísindi (ÍSLE2MV05)

Kennari: Eiríkur Gauti Kristjánsson

Málvísindi eru kennd þrjár stundir á viku í 5. bekk málabrautar. Námskeiðið skiptist í tvo jafnstóra hluta:

A. Haustmisseri: Almenn málvísindi

Markmiðið er að veita nemendum haldgott yfirlit um grunnþætti málvísinda. Stefnt er að því að nemendur þjálfist í notkun málfræðilegra hugtaka og lestri fræðilegs efnis um málfræði (á íslensku og erlendum málum).

B. Vormisseri: Söguleg málvísindi

Markmiðið er að kynna helstu rannsóknaraðferðir í sögulegum málvísindum og fjalla um helstu tegundir málbreytinga með sérstakri áherslu á íslensku, ensku og fornmálin.

Námsgögn: fjölrít og rafrænt efni frá kennara.

Kennslufyrirkomulag

Kennsla verður að langmestu leyti í formi óformlegra fyrirlestra og ætlast til mikillar þátttöku nemenda í umræðum um lesefnið. Auk stuttra skyndiprófa verður haldið skriflegt miðannarpróf á hvoru misseri og lögð fyrir heimaverkefni úr námsefninu. Til að ná árangri er brýnt er að nemendur lesi jafnt og þétt og vinni öll verkefni af kostgæfni.

Námsmat

Námsmat er tvíþætt, gefin er **námseinkunn** og **einkunn fyrir stúdentspróf**. Námseinkunn vegur helming (50%) af lokaeinkunn á móti einkunn fyrir frammistöðu á skriflegu stúdentsprófi.

Námseinkunn er samsett eins og hér segir:

- heimaverkefni og skyndipróf: 40%
- mæting og ástundun 30%
- haustmisserispróf (jólupróf): 30%

Skriflegt stúdentspróf verður haldið í maí úr **öllu námsefni vetrarins**. Efni haustmisseris og vormisseris hefur þar jafnt vægi.